

Miðvikudaginn 27. október 1993.

Nr. 415/1993. Sýslumaðurinn á Akureyri

gegn

Gunnlaugi Gunnlaugssyni.

Kærumál. Bifreiðar. Umferðarlög. Bráðabirgðasvipting ökuréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1993, sem barst Hæstarétti 18. sama mánaðar. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og ákvörðun um bráðabirgðasviptingu ökuréttar varnaraðila verði staðfest.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, var ljósrit úr hraðamælingadagbók lögreglunnar á Akureyri lagt fram við þingfestingu málsins. Þar kemur m. a. fram, hver ökuhraði bifreiðar varnaraðila var og hvernig ratsjain var prófuð fyrir og eftir mælingu. Dagbókin er undirrituð af báðum lögreglumönnum. Hnekkir það eigi sönnunargildi hraðamælingarinnar, þó að mældur ökuhraði bifreiðarinnar hafi ekki verið varðveittur á skjá ratsjarmælitækisins. Samkvæmt þessu var fullnægt skilyrðum til að svipta varnaraðila ökurétti til bráðabirgða samkvæmt 103. gr. umferðarlaga. Verður því hinn kærði úrskurður úr gildi felldur og ákvörðun sóknaraðila um bráðabirgðasviptingu ökuréttar varnaraðila staðfest.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og ákvörðun sýslumannsins á Akureyri um bráðabirgðasviptingu ökuréttar varnaraðila, Gunnlaugs Gunnlaugssonar, staðfest.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 13. október 1993.

Með bréfi, dagsettu 12. október sl., hefur kærði, Gunnlaugur Gunnlaugsson nemi, kt. 301074-3289, Mímisbraut 1, Dalvík, krafist þess með vísan til 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. nú lög nr. 44/1993, að felld verði úr gildi ákvörðun sýslumannsins á Akureyri um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda frá 10. október 1993.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar á Akureyri, sem dagsett er 10. október 1993, var akstur kærða stöðvaður kl. 15.40 á Ólafsfjarðarvegi, en samkvæmt ratsjá lögreglunnar hafði ökuhraði bifreiðar hans, KG-176, verið mældur 162 kílómetrar miðað við klukkustund (km/klst.). Í skýrslunni segir enn fremur:

— — —

Samkvæmt lögregluskýrslunni var kærði færður á lögreglustöðina á Akureyri, en þar var tekin til athugunar rannsókn lögreglu á ætluðu broti hans á 36. gr. og 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í framhaldi af því var kærða birt ákvörðun um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda, og var vísað til 103. gr. umferðarlaga.

— — —

Álit dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins er ákvörðun sýslumannsins á Akureyri um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda kærða reist á frumskýrslu tveggja lögreglumanna. Þegar litið er til þess, að ratsjarmælingin var eigi fyllilega hnökralaus og að frekari könnun á mælingaraðferð lögreglu fór ekki fram, þykir eftir atvikum máls og eins og hér stendur á, eigi hafa verið fullnægjandi grundvöllur til að svipta kærða ökuréttindum til bráðabirgða, svo sem gert var 10. október 1993. Ber því að fella úr gildi framangreinda ákvörðun sýslumannsins á Akureyri um sviptingu ökuréttinda kærða til bráðabirgða.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins á Akureyri um að svipta Gunnlaug Gunnlaugsson ökuréttindum til bráðabirgða er úr gildi felld.
